



Reykjavíkurborg

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 21. október 2021

R21040086

1300

Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Svar við fyrirspurn öldungaráðs um starfshóp um sveigjanleg starfslok

Öldungaráð Reykjavíkurborgar sendi fyrirspurn til mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar þar sem óskað var eftir upplýsingum, um hvar vinna starfshóps um sveigjanleg starfslok væri stödd.

Erindisbréf fyrir starfshóp þennan var samþykkt í borgarráði 15. maí sl. Hins vegar var sá starfshópur ekki fullskipaður fyrr en í lok september og hóf störf 19. október sl.

Fyrir liggur markviss vinna sbr. erindisbréfi og er sjálfsagt að veita frekari upplýsingar um stöðu vinnu hópsins þegar hún er komin betur af stað.

Sammælt var á fundi að fyrsta verkefni hópsins er að undirbúa og forgangsraða gerð kannana meðal starfsfólks og stjórnenda um viðhorf til starfsloka vegna aldurs.

Virðingarfyllt

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs